

Mál nr 13/2016

Ár 2016, mánudaginn 17. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík

Fyrir var tekið mál nr.13/2016

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 26. apríl 2106 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para rakkann B við tíkina A án þess að rakkinn væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 13. maí 2016 og gefinn frestur 10. júní til að skila inn andmælum. Svar dagsett 27. maí barst og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin og ákvað að taka málið til úrskurðar byggt á fyrirliggjandi gögnum.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 11. janúar 2016 var rakkinn B paraður við tíkina A ca. 6. september 2015 án þess að rakkinn væri með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu Dvergschnauzer og er rakkinn í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Í svari frá kæranda kom fram að hún hefði verið í góðri trú um að reglur hefðu ekki verið brotnar og óskar eftir því að ákæra þessi verði felld niður. Ekki hefði verið talið að pörun myndi takast áður en að af augnskoðun gæti orðið. Það var samt sem áður gert og pörun tókst fyrr en áætlað hafði verið og kærða gerði sér fulla grein fyrir því að hvolpar myndu ekki fást skráðir ef í ljós kæmi að rakkinn stæðist ekki skoðun.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Dvergschnauzer:

„Augnvottorð: Vottorð má má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. (Gildir frá 1. mars 2007). Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun (Gildir frá 20.01.2010). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. (Gildir frá 1.apríl 2011). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fast hvolpar undan honum ekki

ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012)”.  
Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggja fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan sjúkdóm. Rakkinn hefur nú verið augnskoðaður og til allra heilla reyndist hann heilbrigður. Það breytir þó ekki brotinu að rakkinn hafi staðist skoðun eftir, það var ekki fyrir séð. Sú ákvörðun kærðu að para rakkann vísitandi án tilskilinna vottorða með það í huga að hvolpar yrðu þá ekki skráðir ef í ljós kæmi að rakkinn stæðist ekki skoðun vekur furðu siðanefndar og telur nefndin hér vera um algert ábyrgðarleysi að ræða af hálfu kærðu.

En þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og er það mat siðanefndar að hæfileg refsing skuli vera áminning.

#### IV. Niðurstaða.

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Guðrún Margrét Baldursdóttir

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir